



Aðalfundur Aftureldingar 2022

12. maí 2022 – Fundur haldinn í Hlégarði

- Fundargerð –

Fundur hófst kl. 18.00

1. Fundarsetning

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður aðalstjórnar Aftureldingar, bauð fundargesti velkomna til fundarins.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið upp á Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Krístrúnu Kristjánsdóttur sem fundarritara. Einróma samþykkt af fundarmönnum. Þau tóku þá þegar til starfa og tók Hafsteinn við fundarstjórn.

3. Ársskýrsla stjórnar

Birna Kristín formaður kynnti ársskýrslu Aftureldingar. Fjórdæ árið í röð er ársskýrslan á rafrænu formi og má nálgast skýrsluna á heimasíðu félagsins. Birna Kristín fór yfir árið 2021 og rifjaði upp marga góða sigra og uppskeru erfiðisins. Hópiþróttir stóðu upp úr þegar U-lið handboltans fór upp um deild og mfl.kvk í knattspyrnu upp í Bestu deild. Nálgast má ávarp formanns [hér](#)

4. Ársreikningur 2021

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti ársreikning aðalstjórnar Aftureldingar 2021.

Sigurður fór yfir stærð félagsins og umsvif. Afturelding er með 11 deildir og 17 ráð auk aðalstjórnar.

Deildirnar hafa skilað góðu búi og aðalstjórn hefur ekki þurft að hlaupa undir bagga með neinni deild á árinu.

Ársreikning aðalstjórnar má sjá í [rafrænni ársskýrslu Aftureldingar](#).

Ársreikningur var samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Boðið var upp á umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Guðrún Kristín formaður blakdeildar bað um orðið og vildi benda á að kvennalið blakdeildar Aftureldingar urðu Íslandsmeistarar á árinu og óskaði eftir því að þessu yrði bætt í skýrslu stjórnar.

5. Fjárhagsáætlun 2022

Sigurður Rúnar Magnúson, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti fjárhagsáætlun 2021. Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 56.000.000 og gjöldum upp á kr. 55.050.000 og er því áætlaður hagnaður eftir afskrifstir kr. 50.000.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

6. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar bárust í tæka tíð og því engar lagabreytingar þetta árið.

7. Heiðursviðurkenningar

Heiðursviðurkenningum er frestað þetta árið sökum tímaskorts þar sem ákveðið var að samræma viðurkenningarnar betur. Ákveðið hefur verið að veita heiðursviðurkenningar á uppskeruhátíð Aftureldingar í lok árs.

Sérstök viðurkenning var afhent til Krístrúnar sem hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri.

8. Kosningar

a) Kosning formanns

Birna Kristín Jónsdóttir var ein í kjöri og var því sjálfkjörin einróma.

b) Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára

Sigurður Rúnar Magnússon og Reynir Ingi Árnason bjóða sig fram til tveggja ára

c) Kosning eins varamanns stjórnar til tveggja ár

Hrafn Ingvarsson bauð sig fram til tveggja ára.

Aðalstjórn Aftureldingar 2022-2023 er því eftirfarandi:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður, Erla Edvardsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon, Geirarður Long, Gunnar Skúli Guðjónsson, Reynir Ingi Árnason og Hrafn Ingvarsson.

Skoðunarmaður deilda Krístrún Kristjánsdóttir

d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar

Gerð tillaga um að Erna Reynisdóttir verði áfram kjörin skoðunarmaður reikninga aðalstjórnar. Helga Jóhannesdóttir lætur af störfum sem skoðunarmaður reikninga og gerð tillaga um Krístrúnu Kristjánsdóttur sem skoðunarmann reikninga aðalstjórnar í hennar stað.

Tillögurnar báðar samþykkt einróma.

e) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda

Gerð tillaga um Krístrúnu Kristjánsdóttur sem skoðunarmann reikninga deilda. Samþykkt einróma.

9. Önnur mál og ávarp gesta

Agnar Freyr Gunnarsson stjórnarmaður í knattspyrnudeildinni.

Fór yfir aðstöðumál, m.a. fjölga búningsklefum, vantar þjálfara- og dómaraaðstöðu, og sjúkrabjálfaaðstöðu. Meira rými í geymslur fyrir bolta og annan búnað. Vallarklukka og ljósleiðar hefur litið dagsins ljós en vantar enn uppá aðstöðuna. Vantar starfsfólk á skrifstofu og bæta aðgengi fatlaðra á knattspyrnuvöllinn. Stúku ábótavant, vantar fleiri fermetra af gervigrasi og hvatti hann til ákvörðunartöku strax um gervigras á aðalvöllinn. Engar öryggismyndavélar eru á svæðinu og oft búið að brjótast inn. Þrátt fyrir þetta eigum við fullt af landsliðskrökkum í knattspyrnu auk þess að vera í Bestu deild og Lengjudeildinni bætti hann við.

Guðrún Kristín formaður blakdeildar:

Blakdeildin stærir af mjög góðu gengi og besta íþróttafólki landsins og er styrktaraðstaðan hjá Aftureldingu til skammar. Hvetur hún til þess að tekið verði á þessum vanda strax.

Búningamál: Vantar heildarsýn og kallar eftir því að farið verði í þá vinnu. Einnig vantar ljósleiðara í Sal 3.

Gísli Elvar formaður mfl.ráð karla í knattspyrnu:

Hvetur aðalstjórn til að fara í þá vegferð að endurskipuleggja svæðið að Varmá. Undirtektir flokkana hafa verið góðar

Gunnar Skúli meðstjórnandi aðalstjórnar:

Er einhver í íþrótta- og tómstundanefnd hér spyr hann? Formlegt erindi var sent á nefndina 2019 sem hefur ekki enn verið svarað. Óskaði eftir aðkomu Aftureldingar að nefndinni.

Reynir meðstjórnandi aðalstjórnar:

Vantar langtímastefnu á íþróttamannvirkjum hjá Aftureldingu. Vel ígrunuð stefnumótun. Erum vaxandi bæjarfélag og þarf því að hugsa til miklu lengri tíma.

Ásgeir Sveinsson formaður bæjarráðs:

Það er komin góð sýn og framtíðarstefna um framgang að Varmá. 1200 fm þjónustubygging er farin í útboð frá deginum í dag. Í langtímafjárhagsáætlun bæjarins er áætlað 2 milljarða næstu ári í uppbyggingu á svæðinu. Þörf á að hraða þessa uppbyggingu, fleiri gervigras fermetra. Félagið þarf að vera klárt hvernig uppbyggingin á að vera. Varðandi stúkubyggingu þá mun vera góð aðstaða í henni en þarf að taka ákvörðun hvar hún eigi að vera. Á Blikastaðalandi er áætlað íþróttamannvirkri samhlíða fyrsta áfanga, þar verður fjölnota knattús í fullri stærð auk íþróttahúss og sundlaugar.

Hilmar yfirþjálfari sunddeildar:

Vill leggja áherslu á minni deildirnar í félaginu. Sundið er ekki með styrktaraðstöðu nema World Class. Fagnar innisundlaug í Blikastaðalandinu en þarf að uppfylla kröfu sundkennslu og keppni

Sævar Birgisson frá Framsókn:

Vildi undirstrika áherslu á mikilvægu starfi Aftureldingar.

Birna Kristín formaður:

Fór yfir forgangsöröðun skv þarfagreiningu en óskar eftir að hraðað verður í verkefnin sem liggja fyrir.
Fór yfir styrktaraðstöðumálin og er sammála viðmælendum um bætt aðstöðu

Grétar Eggertsson nýráðinn framkvæmdastjóri Aftureldingar:

Kynnti sig sem nýr framkvæmdastjóri félagsins og lagði áherslu á að vinna saman að málefnum félagsins og hlakkaði til samstarfsins.

10. Fundarslit

Hafsteinn Pálsson fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir komuna á fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 20.00

Fundargerð ritaði Krístrún Kristjánsdóttir